

BORGARRÁÐ 4. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tekjutengingu gjalda vegna frístundaheimila - R21030042

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að tekjutengja gjald fyrir vistun á frístundaheimili og taki sú aðgerð gildi 1. janúar 2022. Kostnaðaráætlun: Niðurgreiðsla vegna gjalda á frístundaheimilum yrði um 13.000.000 kr. á ári. Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið. Tímarammi: 2022. Jöfnuður er ein mikilvægasta forsenda þess að öll börn nái að vaxa og dafna í samfélaginu. Rannsóknir sýna að börn frá tekjulágum heimilum stunda síður skipulagðar íþróttir og annað tómstundastarf. Innflytjendur eru stór hópur tekjulágra í reykvísku samfélagi. Foreldrar hafa þurft að grípa til frístundakorts barna sinna til að greiða frístundaheimili og þar með nýtist Kortið ekki fyrir barnið til að velja sér tómstund eða íþrótt. Hér er brotið á rétti barnsins. Útbúa þarf tekjuviðmið um niðurgreiðslu til að hægt verði að styðja við tekjulágar fjölskyldur með viðbótarniðurgreiðslu á gjöldum frístundaheimila. Þetta er eina leiðin til að barnið fái að halda rétti sínum til frístundakortsins.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur marg rætt það að eina aðal leiðin til að auka jöfnuð er að grípa til sértækra aðgerða fyrir þá sem eru verst settir. Börn foreldra sem fá fjárhagsaðstoð stunda síður skipulagt íþróttá- og tómstundastarf en börn foreldra sem eru í launaðri vinnu. Börn innflytjenda stunda síður skipulagt íþróttá- og tómstundastarf. Markmið og tilgangur frístundakortsins er að öll börn geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Ef tekjuminni foreldrum er veittur frekari fjárhagslegur stuðningur við þátttöku barna þeirra á frístundaheimilum aukast möguleikar barnanna að á að taka þátt í öðru skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi með notkun frístundakortsins.